

**Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar**

21. október 2020

**Leyfi til rannsóknar á viðhorfum barna til dvalartíma þeirra í leikskóla**

Undirritaðar starfa við kennslu og rannsóknir á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og vinna nú að rannsókn á viðhorfum barna til dvalartíma þeirra í leikskóla. Við höfum sérhæft okkur í leikskólafræðum og höfum unnið að mörgum rannsóknum meðal annars með áherslu á viðhorf barna og áhrif þeirra. Rannsóknin verður framkvæmd í sex leikskólum á höfuðborgarsvæðinu og óskum við eftir leyfi til að framkvæma hana í leikskólanum Hraunvallaskóla í janúar til febrúar 2021.

Rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfum starfsfólks leikskóla og foreldra barna á leikskólaaldri til dvalartíma barna en ekki hefur verið leitað eftir sjónarmiðum barnanna sjálfra. Tilgangur þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á viðhorf barna til dvalartíma þeirra í leikskóla. Minna má á að upplifun barna á tíma er líklega ekki sú sama og hjá fullorðnum og sýna rannsóknir að upplifun barna á lengd viðveru sinnar í leikskólanum veltur að einhverju leyti á því sem þau voru að gera yfir daginn. Ef þeim fannst skemmtilegt þá var tíminn fljótur að líða og dagurinn stuttur, en ef þau voru að bíða eftir einhverju eða höfðu ekki átt góðan dag að einhverju leyti, þá var tíminn lengi að líða. Áhugavert verður að heyra hver viðhorf barna eru til dvalartíma síns í leikskóla og hvaða þættir hafa áhrif á líðan þeirra.

Þær aðferðir sem við styðjumst við eru hópviðtöl við 4-5 ára börn, þrjú til fimm í einu þar sem þau munu geta teiknað og leikið sér á meðan á viðtalinu stendur. Rannsakendur munu koma í heimsókn áður en viðtalið fer fram, en það er tekið einu sinni á leikskóladeildinni sem börnin dvelja í aðstæðum sem þau þekkja. Það tekur innan við hálf tíma. Leitað verður skriflegs samþykkis frá rekstraraðila leikskólans, leikskólastjóra og deildarstjóra. Einnig frá foreldrum barnanna og börnunum sjálfum. Gætt verður að siðferðilegum atriðum sem mikilvæg eru þegar rannsóknir eru gerðar meðal barna. Einnig verður gætt að sóttvörnum og öllum leiðbeiningum fylgt sem lúta að þeim. Búið er að leita umsagnar Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands. Alison Clark, við Thomas Coram Research Unit, UCL Institute of Education, London og aðjunkt í kennslu og menntunarfæði við Háskólann í Suðaustur, Noregi, einn höfunda Mósaík-aðferðarinnar verður ráðgjafi rannsóknarinnar. Sambærileg rannsókn mun fara fram í Zagreb, Króatíu undir stjórn Adrijana Visnjic Jevtic, lektor við kennaradeild Háskólans í Zagreb.

Allur undirbúningur mun vera í nánu sambandi við starfsfólk þannig að sem minnst truflun hljótist af veru okkar í leikskólanum. Gögnin á einungis að nota í tengslum við rannsóknina og verður þeim eytt að úrvinnslu lokinni. Engar persónugreinanlegar upplýsingar verða skráðar og farið verður með gögnin sem trúnaðarmál. Ef þörf er á nánari útskýringum er velkomið að hafa samband við okkur í tölvupósti [amh@hi.is](mailto:amh@hi.is) eða [dyr@unak.is](mailto:dyr@unak.is).

Með vinsemd,

Anna Magnea Hreinsdóttir  
Aðjunkt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Kristín Dýrfjörð  
Dósent á Hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri